


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Tveggja ára ævintýri bolvískra ungmenna

Fjórir unglingar sem stunda nám við 9. og 10. bekk í Grunnskóla Bolungarvíkur, hafa síðustu tvö árin heldur betur bætt við lífsreynslu sína, með þátttöku í Erasmus+ verkefni sem skólinn er þátttakandi í, ásamt skólum í Þýskalandi, Lúxemborg, á Spáni og Ítalíu.

— sjá bls. 6–8



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 26. maí 2016 · 20. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Mynd: Bernharður Guðmundsson



Heit og ljúffeng!

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166

MEGATILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á 1.490 KR TIL SUNNUDAGSKVÖLDS

Þjónustubifreið HTÍ kemur á Vestfirði



Bifreið þessi er fullbúin heyrnarmælinga- og þjónustustöð.

Á síðasta ári tók Heyrnar- og talmælingastöð Íslands í notkun nýja sérútbúna bifreið, sem notuð er til reglulegra ferða út á land. Bifreiðin gerir það kleift að auka þjónustu heyrnardeildar við viðskiptavinum um land allt. Hún er fullbúin heyrnarmælinga- og þjónustustöð, búin öllum þeim tækjum sem sérfræðingar HTÍ þurfa til greiningar og meðferðar heyrnarneina.

Bifreiðin verður á ferð um landið í vor og er fyrsta heimsókn hinnar nýju þjónustubifreiðar til

Vestfjarða á dagskrá í kringum mánaðamótin næstu. Í tengslum við heimsóknina til Ísafjarðar verða öll ungabörn sem ekki hafa hlotið heyrnarskimun við 5 daga skoðun boðin skoðun, en HTÍ annast skimun á heyrn allra nýbura á landinu. Er reiknað með að nokkrir tugir ungbarna verði skoðaðir þriðjudaginn 31. maí n.k. Þá býðst öldrunarheimilum að fá heyrnarfræðinga í heimsókn til að sinna heyrnarskurtum íbúum.

Í bifreiðinni er boðið upp á heyrnarmælingar og alla þjón-

ustu við heyrnartækjanotendur. Sérfræðingar HTÍ ráðleggja um heyrnartæki og aðstoða notendur. Tímabókanir verða í síma HTÍ: 581 3855 frá og með 23. maí n.k. Stöðin heimsækir VESTFIRÐI sem hér segir:

Hólmavík (v/heilsugæslu) mánudaginn 30. maí, eftir hádegi. Ísafjörður (v/heilsugæslu) þriðjud. 31. maí og miðv.d. 1. júní. Flateyri, fimmtudag 2. júní kl 9-12.

Pingeyri, fimmtudag 2. júní kl 14-17. *annska@bb.is*



Kalkþörungaverksmiðjan fékk góða heimsókn.

Skólaheimsókn í kalkþörungaverksmiðjuna

Nýlega komu nemendur í 1. til 4. bekk í Bíldudalsskóla í heimsókn til Íslenska kalkþörungafélagsins. Markmið heimsóknarinnar var að afla gagna um verkefni sem tengist græn-fána Landverndar, en skólar í Vesturbyggð eru þátttakendur í Grænfánum.

Grænfáninn hefur það ekki síst að markmiði að tengja nám við verkefni í nærsamfélaginu, fyrirtæki og almenning. Með þátttöku sinni huga nemendur m.a. að umhverfismálum og sjálfbærni atvinnulífs og til að krydda heimsóknina örlítið fengu börnin að stíga um borð í Hall-

gerði, nýja vinnuvél fyrirtækisins og er óhætt að segja að þeim hafi ekki þótt það leiðinlegt í blíðunni sem umvafði Arnarfjörðinn.



Ekki leiðinlegt fyrir litla snáða máta sig við þennan stól.



Kristinn H. Gunnarsson

— Sjónarmið —

Baráttan um auðlindina fyrir dómstólum

Útgerðarmenn hafa fyrir dómstólum sótt hart að almannahagsmunum á undanförnum árum. Kröfur þeirra hafa í meginatriðum verið að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að nýtingu fiskimiðanna og að stjórnmöld eigi að láta allan arðinn af auðlindinni renna í vasa útgerðarinnar. Dómstólar hafa hingað til hafnað kröfum þeirra.

Nýjasta dæmið um ágengni útgerðarinnar er málshöfðun útgerðarfélagsins Glófaxes. Það hefur stefnt ríkinu fyrir dómstóla og krefst skaðabóta þar sem hagnaður fyrirtækisins á árunum 2012–2015 hafi orðið minni en ella vegna aðgerðaráðherra sem úthlutaði meiri kvóta í skötusel en fiskifræðingar höfðu ráðlagt. Félagið segist hafa keypt töluverðan kvóta, aflahlutdeild og telur að gróði þess hafi minnkað vegna meiri leyfðrar veiði. Þetta mál er nú fyrir héraðsdómi.

Þetta er athyglisvert sjónarmið. Það hefur oft verið vikið frá ráðgjöf fiskifræðinga bæði til aukningar og eins á hinn veginn. Það hefur líka oft komið í ljós að mat fiskifræðinga breyttist síðar og upphafleg ráðgjöf var

því röng að þeirra eigin mati. Ef taka á þessi málshöfðun alvarlega þá ætti ríkið að vera skaðabótaskyld þegar vikið er frá ráðgjöf. Það hefur hins vegar ótal sinnum verið gert allar götur frá 1990 þegar lögin voru sett. Oft var niðurskurður í þorskveiði mildaður með auknum heimildum í veiði á öðrum tegundum hvað svo sem leiðráðgjöf fiskifræðinga í þá stofna. Spyrja má forsvarsmenn Glófaxes hverjir eiga að borga skaðabæturnar.

Skötuselurinn

Skötuselur var um tíma frá 2010 leigður með sérstöku lagaákvæði. Mátti leigja 1200 tonn á ári gegn sérstöku gjaldi sem var 176 kr/kg. Veiðarnar voru eftir sem áður ábatasamar og markaðsverð á skötuselskvóta var um það bil tvöfalt hærri en gjaldið sem ríkið tók.

LÍÚ brást hart við þessu og höfð voru uppi stóryrði af þeirra hálfu. Formaður þeirra sagði í viðtali við Morgunblaðið: „Þetta mál snýst ekki um nokkur tonn af skötusel. Það snýst um forsendur aflamarkskerfisins sem hefur verið notað frá 1983. Við teljum að ef hægt er að auka kvótann þá eigi að úthluta honum til þeirra skipa sem hafa aflahlutdeild.“ Um þetta

er tekist. Þeir sem hafa kvótann vilja fá allar tekjur af sölu og leigu kvótans og telja það ganga gegn kerfinu að ríkið taki til sín hluta af ágóðanum af veiðunum.

Fyrir dómstólum hafa verið rekin mál þar sem ríkinu var stefnt vegna þess að ekki var settur kvóti, kvóti var settur á of seint eða reglurnar um kvótasetninguna hafi verið rangar. Öll málin sérust um peningana sem eru í kvótanum. Dómstólar hafa sýknað ríkið í langflestum tilvikum og vísað til ákvæða 1. greinar laga um stjórn fiskveiða sem segir að úthlutun veiðiheimilda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra manna yfir þeim. Hæstiréttur hefur tvívegis sett í dóma sína eftirfarandi:

„Aflaheimildir eru þannig að eins varanlegar í þeim skilningi að þær verða hvorki felldar niður né þeim breytt nema með lögum. Í skjóli valdheimilda sinna getur Alþingi því kveðið nánar á um réttinn til fiskveiða, bundið hann skilyrðum eða innheimt fyrir hann frekara féggjald en nú er gert vegna breyttra sjónarmiða um ráðstöfun þeirrar sameignar íslensku þjóðarinnar, sem nýttastofnar á Íslandsmiðum eru.“

Fyrri dómurinn er hinn frægi

Vatneyrardómur sem féll árið 2000 og hinn síðari var 2013. Svigrúm Alþingis til þess að setja lög eða breyta þeim án bótaskyldu hefur verið staðfest rækilega. En útgerðarmenn halda áfram baráttu sinni fyrir einkaeignarrétti að miðunum. Meðal annars má minna á að Rammi hf krafðist þess að dæmt yrði ólöglegt að afnema kvóta á veiðum úthafs-rækju árið 2010. Fyrirtækið hélt því fram að ráðherra væri skyld að setja kvóta og því var haldið fram að aflahlutdeildin (ótímabundni kvótinn) væri atvinnuréttindi sem nyttu verndar eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar. Þá hefði fyrirtækið skaðast fjárhagslega vegna þess að veiðarnar voru öllum heimilar. Hæstiréttur hafnaði öllum kröfum Ramma hf og benti á að fyrirtækið hefði ekki gert grein fyrir ætluðu tjóni. Fimm ár eru liðin án þess að Rammi hf bregðist við. Enda varð fyrirtækið ekki fyrir neinu tjóni. Allt frá 2000/2001 hafði ekki verið veitt upp í leyfðan heildarkvóta af þeim einföldu ástæðum að tap var á veiðunum. Málshöfðunin snerist bara um að verja einokunina að miðunum því í krafti hennar geta kvótahafarnir dregið til sín arðinn.

Veidigjaldið

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum stefndi ríkinu vegna veiðigjaldsins og segir gjaldið vera eignarskatt án lagastöðar. Héraðsdómur Reykjavíkur felldi sinn dóm í byrjun ársins. Þar er öllum kröfum Vinnslustöðvarinnar hafnað. Vísað er í lögum um veiðigjald og almennum athugasemdum sem fylgdi með frumvarpinu þegar það var lagt fyrir Alþingi. Þar segir að gjaldtakan sé ekki skattheimta í hefðbundnum skilningi þess orðs, heldur leið til að tryggja almenningi beina hlutdeild í þeim arði sem auðlindin skilar á hverjum tíma. Héraðsdómur vísar til þess í sínu dómsorði og segir: „Dómurinn telur að ljóst sé að álagning sérstaks veiðigjalds sé aðferð við fiskveiðistjórnun með það að markmiði að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði, sem nýting sjávarauðlinda skapar.“ Útgerðin er á móti því að deila auðlindaarðinum með þjóðinni og vefengir að þjóðin eigi auðlindina. Lögin um veiðigjald voru sett í tíð síðustu ríkisstjórnar og núverandi ríkisstjórn hefur fengið því framgengt að lögin falla úr gildi í lok árs 2018. Auðlindaarðurinn er um 40 milljarðar króna á hverju ári.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

100%
Íslenskt
ungnautakjöt

4stk
80 g

579
kr. 2x140 g

598
kr. 4x80 g

549
kr. 2x120 g

Íslandsnaut
Ungnautaborgarar
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

10
PÝLSUR

BÓNUS
VÍNARPÝLSUR

359
kr. pk.

Bónus Vínarpýlsur
485 g, 10 stk.

5stk.
FÍN & SKORIN

BÓNUS
PÝLSUBRAUÐ

169
kr. pk.

Bónus Pýlsubrauð
260 g, 5 stk.

Pýlsa
+
brauð
70
kr/stk.

SPARAÐU MEÐ BÓNUS

BÓNUS
HEILKORNABRAUÐ

279
kr. 770 g

Bónus Heilkornabrauð
770 g

5 STK.
CHILLI PEPPERONI
PÝLSUR

5 STK.
BEIKON BÓNDI
PÝLSUR

998
kr. pk.

Stjörnugrís Grillpýlsur
10 stk. í pakka, 900 g

FRIED
ONIONS

95
kr. 200 g

ES Steiktur Laukur
200 g

Hunt's
TOMATO KETCHUP

259
kr. 680 g

Hunt's Tómatósósa
680 g

NÝBAKAÐ!

259
kr. 4 stk.

Bónus Kringlur
4 stk.

RÁGKAKA
Naggarde

219
kr. pk.

Polarbrauð
6 stk. í pakka

BÓNUS
Samlokuskinka

198
kr. pk.

Bónus
Samlokuskinka, 237 g

Appelsín
Pepsi
Pepsi Max

98
kr. 500 ml

Appelsín, Pepsi,
Pepsi Max, 500 ml

Orkudrykkur
Líka til sykurlaus

59
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.

129
kr. stk.

Koop Björglas
400 ml

298
kr. stk.

Koop Íþróttabúsi
Með sigti, 600 ml

AMINO ENERGY

2.798
kr. 270 g

Amino Energy
Fæðubótarefni 270 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **29. maí** eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndun bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.



Móttaka heyrnarfræðinga HTÍ verður á ÍSAFIRÐI - þri 31.maí og miðv 1.júní

FLATEYRI og ÞINGEYRI – Fim 2.júní

Staðsetning: v/HEILBRIGÐISSTOFNANIR

HEYRNARMÆLING – RÁÐGJÖF –

HEYRNARTÆKI – AÐSTOÐ OG STILLINGAR



Nánari upplýsingar og tímabókanir í síma 581 3855 www.hti.is

Spurning vikunnar

Hvaða forsetaframbjóðandi er líklegastur til að fá atkvæði þitt í forsetakosningunum í júní 2016?

Alls svöruðu 948.

Andri Snær Magnason 40 atkvæði eða 4%

Ástþór Magnússon 70 atkvæði eða 7%

Baldur Ágústsson 0 atkvæði eða 0%

Benedikt Kristján Mewes 0 atkvæði eða 0%

Davíð Oddsson 148 atkvæði eða 16%

Elísabet Kristín Jökulsdóttir 6 atkvæði eða 0,6%

Guðni Th. Jóhannesson 337 atkvæði eða 36%

Guðrún Margrét Pálsdóttir 1 atkvæði eða 0,11%

Halla Tómasdóttir 310 atkvæði eða 33%

Hildur Þórðardóttir 1 atkvæði eða 0,11%

Magnús Ingiberg Jónsson 4 atkvæði eða 0,4%

Sturla Jónsson 31 atkvæði eða 3%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Ungir nemendur við Súðavíkurskóla dást að eigin sköpunarverki.

Allir sameinuðust í einu sköpunarverki

Sköpunargleði og kærleikur réðu ríkjum í vinaviku sem haldin var í Súðavíkurskóla á dögunum. Meðal þess sem gert var í vinavikunni var stórglæsilegt listaverk sem hangir nú í borðsal skólans. Er verkið merkilegt fyrir margra hluta sakir, en við gerð þess komu saman allir nemendur og starfsfólk skólans, þar sem hver og einn lagði sitt af mörkum til að

skapa heildarmyndina.

Nemendurnir fengu heimsókn frá Elísabetu Gunnarsdóttur arkitekt sem fræddi þá um fagið og í kjölfarið kynntu nemendurnir sér merkar byggingar um víða veröld og völdu sér þær sem þeim þótti mest til koma og prýða þær verkið. Það sem fangar þó sennilega fyrst auga flestra er ólgandi tilfinning og litagleði í anda Vincent van

Gogh. Nemendur höfðu einnig fengið að kynna ólíkum pensilskriftum mismunandi listamanna og var það Van Gogh sem heillaði mest og var hann mikill innblástur fyrir verkið. Málverkið er engin smá smíði, það er á þriðja meter í þvermál og mun vera fagur minnisvarði um þetta góða samstarf um ókomna tíð.

annska@bb.is

Mikið um að vera hjá Skelli



Mynd frá æfingabúðunum með Daniele Capriotti og Lorenzo Ciano, sem lukkuðust afar vel. Mynd af Fésbókarsíðu Skells.

Mikið hefur verið um að vera hjá blakfélaginu Skelli upp á síðkastið; lokahóf, framkvæmdir við strandblakvöll og æfingar fyrir alla hópa með landsliðsþjálfurum. Fjölmenn lokahófið var haldið í íþróttahúsinu Torfnesi í síðustu viku. Þar fengu allir að leika listir sínar, bæði leikmenn og fjölskyldur, áður en sest var að veisluþorðinu, sem útbúið var í sameiningu. Farið yfir vetrarstarfið og Tihomir þjálfari Skells tilkynnti val sitt á bestu og efnilegustu leikmönnum karla og kvenna. Var það Karol Maliszewski sem valinn var besti leikmaður karla og Hafsteinn Már Sigurðsson sá efnilegasti. Besti leikmaður

kvenna var valin Harpa Grímsdóttir og sú efnilegasta, Auður Líf Benediksdóttir.

Daniele Capriotti og Lorenzo Ciano héldu æfingabúðir í blaki á Ísafirði dagana 12.-14. maí, en þeir koma báðir upp- og runalega frá Ítalíu. Daniele er þjálfari kvennalandsliðs Íslands og Lorenzo er þjálfari U16 ára landsliðs stelpna. Heimsókn þeirra er hluti af verkefni Blak sambandsins fyrir ungar og efnilegar blakstelpur um allt land. Notaði Skellur þó tækifærið og setti upp æfingar fyrir alla blakara á svæðinu bæði stelpur og stráka frá hinum yngstu til þeirra elstu og var mikil ánægja með æfingarnar. Inn á Fésbókarsíðu Skells má finna skemmtilegt

viðtal við Daniele, þar sem hann segist meðal annars hafa orðið ástfanginn af svæðinu við heimsóknina og langi mikið til að koma aftur.

Framkvæmdir eru í fullum gangi við nýjan strandblakvöll félagsins í Tungudal og þar fer fram mikil sjálfböðavinna félaga og munu þeir síðan demba sér í sandinn um leið og völlurinn verður tilbúinn. Framundan hjá félaginu er síðan fjöruhreinsun og einnig halda meistaraflakkar Skells utanum kvennahlaupið sem verður haldið 4. júní. Næsta vetur mun félagið mæta öflugt til leiks að nýju og þá undir formerkjum Vestra blak.

annska@bb.is



NÝTT
SPF 30

**HALLÓ SÓLSKIN,
BLESS BLESS HRUKKUR.**



**MINNKAR HRUKKUR.
VERNDAR GEGN ÖLDRUN
AF VÖLDUM SÓLARINNAR.**



Tveggja ára ævintýri bolvískra ungmenna

Emil Uni Elvarsson, Kristjana Berglind Finnbogadóttir, Karólína Sif Benediktsdóttir og Svanhildur Helgadóttir.

Blaðamaður Bæjarins besta lagði leið sína til Bolungarvíkur á dögunum þar sem sest var niður með fjórum unglingum sem stunda nám við 9. og 10. bekk í Grunnskóla Bolungarvíkur. Síðustu tvö árin hafa þau heldur betur bætt við lífsreynslu sína, með þátttöku í Erasmus+ verkefni sem skólinn er þátttakandi í, ásamt skólum í Þýskalandi, Lúxemborg, á Spáni og Ítalíu. Hópur sem telur tæplega 50 manns þegar saman eru komnir nemendur og kennarar frá öllum þátttökulöndunum, en hinir skólarnir eru flestir með 8–10 þátttakendur.

Þetta eru þau Emil Uni Elvarsson, Karólína Sif Benediktsdóttir, Kristjana Berglind Finnbogadóttir og Svanhildur Helgadóttir. Þau voru valin úr vænum hópi umsækjenda til að taka þátt í verkefninu fyrir hönd skólans, eftir að hafa þreytt inntökupróf þar sem þau fluttu fyrirfram valinn texta fyrir dómnefnd, ásamt því að flytja eitthvað frá þeim sjálfum; söng, hljóðfæraleika eða líkamlega túlkun á sögu. Fjórmenningarnir hafa nú ferðast um Evrópu víða á meðan á verkefninu hefur staðið og hafa þau heimsótt öll hin þátttökulöndin og dvalið á heimilum heimafélks á hverjum stað fyrir sig.

Fyrsta ferðin var farin til Alicante á Spáni, þar sem þau dvöldu í tæplega vikutíma. Þar var tíminn notaður til að krakkarnir, sem voru á þeim tímapunkti að hefja tveggja ára samvinnu, fengu að kynnst. Þau tóku

þátt í alls kyns námskeiðum og hópeflisæfingum. Þar voru einnig nemendur úr spænska skólanum með sem ekki höfðu unnið rétt til frekari þátttöku í verkefninu, en hjá þeim var það þannig að þau þurftu að ná vissu háum einkunum til að fá að öðlast þátttökurétt og eiga kost á ferðalagi til annarra landa. Krakkarnir sögðu að það svipuð skilyrði hafi átt við hjá fleiri þjóðum.

Meðal þess sem hópurinn gerði sér til gamans á Alicante var að taka þátt í ektu spænsku karnivali, þar sem þau fóru fylktu liði í skrudgöngu um aðalgötu borgarinnar þar sem sardínur voru brenndar og bíll ók um með það sem leit út fyrir að vera líkams-partar – þó þeir hafi ekki verið raunverulegir. Sumir klæddust skrattabúningum. Krakkarnir sögðu að hátíðin væri til að kveðja þá látnu og þeirra þátttaka hafi að mestu einkennst af því að hrópa með reglulegu millibili að áeggjan skrudgöngustjórans „Viva la Sardina!“ Augljóslega mátti sjá að krökkunum fannst það mikil upplifun að hafa fengið að taka þátt í göngunni.

Á Spáni fóru gistu þau í fyrsta sinn hjá gestgjafafjölskyldum, sem þau höfðu aldrei hitt áður, og segja þau að það hafi verið svolítið ógnvekjandi til að byrja með. Þau komin í nýtt land þar sem ekki var alls kostur sjálfssagt að fólk talaði ensku og þar að auki fara inn á heimili hjá fólki sem þau höfðu aldrei áður hitt og dvelja hjá þeim

í nokkra daga. Inni á einhverjum heimilanna töluðu gestgjafarnir enga ensku og reyndi það talsvert á. En allt fór vel að lokum og vel var hugsað um þau á heimilunum þótt eitthvað hafi tjáskiptin stundum verið með frumstæðum hætti. Krakkarnir eru sammála um að auðveldara hafi reynst með hverri heimsókninni að fara inn á heimili gestgjafanna.

Yfir landamæri tungumála

Það var ýmislegt sem kom spánskt fyrir sjónir krakkanna – bókstaflega. Líkt og sá síður að fá sér kakó með miklum sykri á morgnanna á Spáni. Hinum bröttu ungmennum fannst ekkert sérstaklega erfitt að komast yfir þann hjall að vera í umhverfi þar sem enginn talaði íslensku og jafnvel ekki einu sinni ensku. Svanhildur: „Spánverjarnir og Ítalirnir töluðu mjög hratt.“

Karólína Sif: „Og hátt!“

Undir þetta tekur allur hópurinn og þau hlæja dætt að upprifjuninni. Og Karólína bætir við að það hafi stundum ekki verið hægt að hugsa í kringum þau, svo mikil hafi lætin í þeim verið. Þau voru sammála um að yngri kynslóðin stæði sig ögn betur en sú eldri við að nota enskuna til samskipta, en henni hafi verið sérlega ábótavant á Spáni. Krakkarnir frá Lúxemborg og Þýskalandi hafi ekki átt í vandræðum með að beita henni fyrir sig og greinilegt væri að Ítalirnir væru að bæta sig mikið.

Svanhildur: „Stelpa sem ég var hjá á Ítalíu var á enskunnám-

skeiði og ég fór einu sinni með henni á það og krakkarnir sem voru á námskeiðinu skildu ekki hvernig ég gat talað svona góða ensku, en ég sagði þeim að hér á Íslandi væri til dæmis sjónvarps-efni ekki talsett eins og hjá þeim.“

Krakkarnir voru allir sammála um að það hlyti að hafa mikið að segja. Aðspurð um hvort þau hafi einhverntíman efast um að þau vildu taka þátt í verkefninu til dæmis eins og þegar þau voru hálfmállauss inni á spænskum heimilum, sögðu þau svo ekki vera.

Ekki hægt að gera ráð fyrir öllu

Næsta stopp var á Cataniu á Sikiley. Þar héldu þau áfram að vinna með krökkunum sem voru með þeim í verkefninu ásamt því sem þau kynntust líka sögu og menningu staðarins í gegnum heimsóknir á ólíka staði, en þau fóru til dæmis og skoðuðu fornt hringleikahús og fóru á óperu.

Á öllum stöðunum fengu krakkarnir að kynnst landi og þjóð með ýmsum hætti. Allsstaðar fóru þau í skoðunarferðir og gerðu hitt og þetta til að kynnst svæðinu betur, nema þá kannski í Lúxemborg þar sem hópurinn vann hörðum höndum allan þann tíma sem þar var dvalið við æfingar og uppsetningu á lokasýningu þeirra. Þó vörðu þau mestum tímanum þar, heilum átta dögum, án ferðadaga.

Að taka þátt í verkefni sem þessu þjálfar unga einstaklinga í lífinu á svo margan máta. Til dæmis lenti hópurinn í miklum

töfum á flugi þegar þau voru á heimleið frá Ítalíu. Þann dag var gerð hryðjuverkaárás í París sem hafði töluverð áhrif á flugsamgöngur í Evrópu, en þau voru að fljúga frá Róm til London þaðan sem þau áttu svo að fljúga til Íslands. Ekki gekk það þrautalaust fyrir sig. Lokað var á milli flugstöðvabygginga á Gatwick og þurftu þau að standa í röð sem rétt sílaðist áfram á hraða snigilsins svo klukkutímum skipti.

Eftir átta klukkutíma bið í röð komust þau að því að þau fengu ekki flug heim og átti einn af öðrum úr hópnum að fá flugfar heim út vikuna. Þá voru góð ráð dýr. Hringt var heim til Íslands og allir lögðust á eitt um að redda þessu sem best og komst hópurinn saman heim með öðru flugfélagi næsta dag.

Aðspurð um hvort þeim finnist þau hafa lært mikið um lífið almennt með því að taka þátt í þessu verkefni svara þau öll í einum kór: JÁ!

Ítalía ólíkust

Krakkarnir eru sammála um að þeim hafi fundist Ítalía ólíkust Íslandi af þeim löndum sem þau heimsóttu. Þar hafi allt verið á meiri hraða en þau eiga að venjast og oft virtist ekki mikil regla á hlutunum.

Kristjana Berglind: Það voru engin umferðarljós og umferðin oft í algjörrri klessu og svo lágu bara allir á flautunum.

Emil Uni: „Maður hélt bara að maður myndi deyja þarna í

Hafðu okkur með í ráðum



Okkar hlutverk hefur frá upphafi verið að stuðla að jafnvægi og að allir hafi jafna möguleika á að eignast húsnæði, hvar sem er á landinu.

Við veitum óháða og trausta ráðgjöf, hvort sem þú ætlar að kaupa eða leigja, þannig að þú vitir örugglega hvað þú ert að fara út í.





Hópurinn í Odeon hringleikhúsinu á Sikiley.

umferðinni.“

Svanhildur: „Já og svo borðuðu þau pasta alveg tvisvar á dag.“

Karolína Sif: „Þau borðuðu líka mjög seint á kvöldin, þannig að það lá við að maður sofnaði með andlitið ofan í diskinn eftir að hafa verið á fullu allan daginn.“

Í hverri ferð var svo eitt kvöld þar sem allur hópurinn fór saman út að borða og á Ítalíu var að sjálfssögðu farið á pizzastað sem krakkarnir segja hafa verið talsverð vonbrigði. Þar sem Ítalía sé jú heimaland pizzunnar og oft talað um að fara til Ítalíu til að fá alvöru pizzu og voru þau því mjög spennt. Lýsingar af pizzunum voru á þá leið að þær hafi verið örþunnar með hrúgu af allra handa áleggi ofan á, þar á meðal soðnum eggjum, sem þau kunnu ekki alveg að meta.

Krakkarnir segja að þeim hafi þótt skemmtilegt að sjá hvernig ítölsku og spænsku krakkarnir tjáðu sig með líkamanum, þau hafi svo auðveldlega getað sýnt nánd og þetta hafi verið þeim talsverð ráðgáta til að að byrja með. Líkt og hver væri með hverjum, en svo hafi þau komist að því að svona væri þetta bara hjá þeim. Það þyrfti ekki að hafa neina djúpstæða merkingu þó þau snertust. Þeim fannst þetta talsvert ólíkt háttalagi Íslendinga.

Í Ítalíuferðinni héldu þau áfram að sækja vinnustofur og þar byrjuðu þau að leggja drögin að lokaverkefninu. Leik-

stjórnarnir fóru á milli hópanna og byrjuðu að safna atriðum frá öllum hópunum sem voru svo nýtt í sýninguna í Lúxemborg. Hópurinn sem vann með þeim að lokasýningunni kom víða að, en þar var að finna tvo leikstjóra, búningahönnuð, danshöfund og tónlistarmenn svo einhver dæmi séu tekin.

Flestir sem tóku þátt í verkefninu lögðu stund á einhverjar listgreinar í námi sínu, þau voru á svipuðum aldri og Íslendingarnir, sum kannski örlítið eldri.

Karolína Sif: „Þau litu út fyrir að vera mun eldri en við og þau höguðu sér líka eins og þau væru eldri. Við höldum að þau væru miklu eldri.“

Nú og kunnið þið einhverja skýringu á því?

Svanhildur: „Já ætli þau þurfi ekki að bera meiri ábyrgð en við og þau litu líka öll út fyrir að vera fyrirliðar í hópunum.“

Helga Svandís: „Þau voru alveg með þetta á hreinu. Þau voru mjög ábyrgðarfull, enda búa þau öll í stórborgum og þurfa sennilega að vera það og kunna að umgangast stórborgina.“

Að drepast úr kulda á Spáni

Ísland var eina landið sem ekki var heimsótt af nemendum í verkefninu, en það þótti of kostnaðarsamt og um of langa vegu að fara. Hinsvegar var hér einn vinnufundur kennara. Ísland fékk aðeins meiri pening en hin löndin

til ferðalaganna, en starfsmenn verkefnisins við skólann segja að mjög vel hafi þurft að halda utan um pyngjuna til að verkefnið gæti gengið upp fjárhagslega. Grunn-skóli Bolungarvíkur er um þessar mundir þátttakandi í tveimur öðrum Erasmus verkefnum sem snýr að kennurum og verið er að leggja drög að stóru þriggja ára verkefni nemenda og kennara.

Á milli ferða hjá krökkunum voru þau með vikulega tíma þar sem þau komu saman og gerðu leiklistaræfingar og æfingar til að opna sig. Einnig þurftu þau eftir hverja ferð að svara spurningarlistum á ensku. Þau þurftu líka að skrifa fréttabréf og vera með kynningar á verkefninu eftir hverja ferð.

Þau eru nú alls ekki til í að taka undir að þau hafi fundið fyrir öfund frá samnemendum sínum fyrir að hafa verið hin heppnu sem hrepptu hnossið, en þau segjast hafa fundið mjög jákvæða forvitni um ferðalögin í skólanum. Aðspurð um hvort þau langi til að heimsækja eitthvert landanna aftur meira en annað eru þau sammála um að Ítalía tróni þar á toppnum. Einnig vakti Lúxemborg áhuga þeirra og þá sérstaklega fyrir fallegar byggingar og mikið magn grænna svæða. Þar var líka skemmtilegt hversu stutt var til allra átta.

Fannst ykkur krakkarnir vita mikið um Ísland?

Kristjana Berglind: „Þau spurðu svolítið, mest spurðu þau hvort hér væri mikill snjór.“

Karolína Sif: „Þau spurðu líka út í norðurljósin og hvort það væri satt að Geysir væri hérna.“ En hvað vissu þau helst?

Svanhildur: „Að hér væri kalt og við værum ekki kuldaskræfur. Það var mjög fyndið þegar við vorum á Spáni, þá voru allir gangandi um á bolnum og við vorum öll í úlpum að drepast úr kulda. Það er svo rakt loftið að okkur var bara kaldara þar en hér.“

Þau voru á Spáni í febrúar árið 2014. Á Ítalíu voru þau svo í nóvembermánuði 2015 og þá átti samkvæmt dagatali Ítalanna að vera komið haust með tilheyrandi breytingum á hitastigi og því allir komnir í úlpur og farið að kynda húsin. Raunin var samt allt önnur og var hópurinn í brakandi blíðu þá daga sem hann dvaldi þar.

Í millitíðinni fóru þau svo til Hamborgar í Þýskalandi, sem tók á móti þeim með kulda og minnti landið þau mest á heimahagana af þeim stöðum sem þau heimsóttu. Þá var verkefnið byrjað að taka á sig mynd og byrjuðu þau þar að æfa parta úr leikritinu.

Lærdómsríkt ævintýri

Looking for a universal language by means of performing arts eða ULPA var nafnið á

verkefninu sem þau tóku þátt í, en það má útleggja sem „Leit að alþjóðlegu tungumáli með aðferðum sviðslista.“ Lokasýningin, Hands of neighbours, var að lokinni lotunni í Lúxemborg, líkt og áður kom fram og eins og í titli verkefnisins var það gert með aðferðum sviðslista. Krakkarnir lögðu nótt við nýtan dag ásamt starfsmönnum verkefnisins til að gera lokasýninguna sem glæsilegasta úr garði – sem hún og var.

Verkið sem þau sýndu var ástarsaga og fjallaði um óhamingjusamlega gifta konu, sem nágranninn var ástfanginn af. Þetta var sagan þeirra með heilmiklu uppbroti með hópatriðum þar sem var dansað og túlkað án tals. Hópurinn var mikið allur á sviðinu og var lifandi tónlist leikin undir, bæði á píanó og með hljómsveit. Sýningin var um þriggja stundarfjórðunga löng og má heyra á krökkunum að þau hafi upplifað algjört flæði á sýningunni þar sem þeim fannst hún hafa tekið örskamma stund.

Svo tók við afar tilfinningaþrungin stund strax að leikriti loknu þar sem allir þurftu að kveðjast og hver að halda í sína áttina og voru þau sammála um að það hafi verið erfið stund. Þau eru þó viss að í gegnum starfið hafi þau myndað tengsl sem munu lifa lengur en þessi tvö ár sem verkefnið stóð, þau hafi eignast vini um víða veröld og með hjálp samfélagsmiðla sé nú auðveldara en nokkru sinni fyrr að viðhalda tengslunum.

Hver var helsti lærdómurinn sem þið fenguð út úr þessu?

Karolína Sif: „Að opna sjálfa mig, að fá auknið sjálfstraust og þora að gera alls konar hluti eins og að leika. Líka það að búa hjá öðrum fjölskyldum.“

Svanhildur: „Það er svo margt. Sérstaklega það að læra að standa á eigin fótum.“

Kristjana Berglind: „Að koma fram og svo tek ég undir með stelpunum í því sem þær sögðu.“

Emil Uni Elvarsson: „Til dæmis það að þú getur farið til lands þar sem enginn talar ensku og þú þarft ekki að finna nema eina manneskju sem gerir það til að geta tengst öllum hópunum og það þarf ekkert að segja mikið,



Hópurinn fékk að skoða hinar ýmsu flugstöðvarbyggingar meðan á verkefninu stóð.

heldur er það spurning um hvað þú gerir og hvernig þú finnur leiðir til að tengjast fólki.“

Finnst ykkur að þessi tvö ár hafi mótað val ykkar fyrir framtíðina?

„JÁ!“ Svvara þau öll í kór

Emil Uni: „Til dæmis á maður að reyna að ferðast eins mikið og maður getur.“

Út frá þessu spinnast umræður um hvernig þeim fannst gaman að sjá hvað fólk mótast mismunandi í ólíkum löndum, hvernig ólíkir menningarheimar og umhverfi móta íbúana með sínu sniði.

Svanhildur: „Ég fann það að þegar ég var á Ítalíu og Spáni að ég vildi vera meira eins og þau. Þar sem allir knúsast svona mikið. Það var svo ótrúlega yndislegt og mig langar að hafa meira af því hér.“

Og eru þið búin að innleiða það?

Svanhildur: „Já!“ Og hinir taka undir og segja að fyrst um sinn hafi samnemendur þeirra verið smá vandræðalegir yfir þessum nýju háttum þeirra, en þau hafi ákveðið að gefa sig ekki, heldur bera höfuðið hátt og koma án vandræðalegheita á nýjum háttum.

Þau lærðu líka ýmsa lífsspeki sem lifir með þeim áfram og við leyfum Emil Una að eiga lokaorðin:

„Í lok ferðarinnar á Ítalíu sagði einn þátttakandinn við okkur, „Við erum eins og spaghetí. Einn og einn er ekki nógu góður, en þegar við komum saman og myndum heild þá erum við frábær.“

Það var komið að viðtalslokum, ég þakkaði fyrir með hinni hefðbundnu aðferð að taka í spaðann á krökkunum, sem fannst ég full varfærin og fjarlæg í kveðju minni, svo það fór svo að ég var föðmuð í bak og fyrir, sem leiddi það svo af sér að þegar ég kvaddi kennarann þeirra hana Helgu Svandísi, þá kom ekkert annað til greina en að faðma hana líka. Ég áttaði mig á þegar ég var enn skælbrosandi þegar ég var komin í mið Bolungarvíkurgöng að þau hafa lög að mæla hin sigldu ungumenni – við hér á landi eigum endilega að faðmast meira.

annska@bb.is



Á Sikiley.



Afhentu Rauða krossinum 35 bútasaumsteppi



Það er litfagur varningurinn sem Spólurnar afhentu.

Bútasaumskonurnar í Spólunum á Patreksfirði afhentu Rauða krossinum í Barðastrandarsýslu á dögunum 35 gullfalleg bútasauksteppi, ásamt sokkum og húfum sem þær höfðu prjónað. Eru þær einn af góðum bakhjörnum verkefnisins Föt sem framlag, sem vinnur að því að útbúa fatapakka til handa ung börnum í Hvíta-Rússlandi. Spólurnar hafa komið saman í Félagsheimilinu á Patreksfirði um helgar í vetur til að sauma og svo sauma þær og prjóna heima. Þá hittist

handverkshópurinn Flækjurnar á Tálknafirði einu sinni í viku þar sem þær koma saman og sauma og prjóna föt og teppi í pakkana og hafa þær verið mjög afkasta-

miklar í vetur.

Eldri borgarar í Selinu á Patreksfirði hafa einnig lagt verkefninu lið með sínu framlagi með því að prjóna peysur, húfur, sokka og fleira fallegt í pakkana. Helga Gísladóttir, formaður Rauðakrossdeildarinnar í Barðastrandarsýslu vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem leggja deildinni lið og þar með mannúð í heiminum. Allir þessir hópar hafa fengið viðurkenningu á aðalfundum deildarinnar undanfarin ár fyrir sitt framlag sitt sem Helga segir alveg ómetanlegt.



Flækjurnar á Tálknafirði hafa verið iðnar í vetur.



Verkefnastjórinn á Tálknafirði, Berglind Eva heldur utan um birgðirnar.


Tindar fá börnuhjól

Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal fékk á dögunum börnuhjól. Hjólið má auðveldlega setja undir sjúkrabörur og með því móti léttir það til muna verkið ef flytja þarf sjúkling um langa vegu. Hjólið, sem meðal annars er útbúið handbremsu, er keypt frá slysavarnafélaginu Landsbjörgu og er það að sögn Tindamanna sennilega fyrsta tæki sinnar tegundar á Vestfjörðum. Hægt er að aka því



um klædda vegi og möl, slóða og stíga, og gagnast það því mjög vel við að sækja slasaða göngumenn.

O Design opnar í Bolungarvík



Ný verslun O Design, opnaði í E.G. húsinu í Bolungarvík á föstudag. Það eru þeir Ragnar Sveinbjörnsson og Oddur Andri Thomasson sem standa að baki hinni nýju verslun, sem selur gjafavöru og íslenska hönnun auk pottplantna, sem Ragnar segir um þessar mundir vera með

sterka endurkomu inn á íslensk heimili eftir nokkur mögur ár. Í versluninni er að finna vörur frá O-Design, Just M Design auk fleiri hönnuða í bland við innfluttar gjafavörur á góðu verði. Til að byrja með verður verslunin opin á fimmtudögum og föstudögum á milli 16 og 18:30,

og á laugardögum frá 12-16 og vonast þeir Ragnar og Oddur til að fljótlega verði hægt að bæta inn opnunardögum, en þeir hafa í mörgu að snúast því auk verslunarinnar eiga þeir og reka hreingerningafyrirtækið Svamp Sveinbjörns.

Svampur Sveinbjörns hefur að undanförunni verið að auka þjónustu sína, en fyrirtækið sinnir bíla-fyrirtækja- og heimilisprífum. Hafa þeir Ragnar og Oddur verið að taka gömul húsgögn og gefa þeim nýtt líf með yfirhalingu, ásamt því að flikka upp á heimili fólks eftir óskum hvers og eins.



Háskóla Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

www.uw.is



Fagstjóri meistaranáms

Háskóla Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf fagstjóra á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar. Við Háskólasetrið er kennd alþjóðleg, þverfagleg námsleið að meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun (Coastal and Marine Management) í samstarfi við Háskólann á Akureyri, með um 40-50 virka meistaranema.

Fagstjóri vinnur í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði og hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Fagstjóri er leiðandi á sínu sviði í samstarfi Háskólasetursins og atvinnulífs. Hann skipuleggur kennslu, viðheldur tengslum við samstarfsaðila námsins og forleiðbeinir nemendum í meistaraþrófsritgerðum. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubrögða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Fagstjóri þarf að fylgjast vel með lokaritgerðarvinnu nemenda í nánú samstarfi við leiðbeinendur og þarf til þess að hafa góða faglega yfirsýn sem og þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum í umhverfis- og auðlindastjórnun. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér kennslu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Þverfræðileg menntun og/eða rannsóknar-reynsla á viðeigandi sviði
- Meistarapróf eða doktorspróf
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta í íslensku er mjög æskileg

Nýr fagstjóri þarf að geta hafið störf á haustmisseri 2016. Upplýsingar veitir Peter Weiss, forstöðumaður, í síma 450 3045 eða weiss@uw.is

Umsóknir með ritaskrá og skrá yfir kennslureynslu, ef við á, sendist á Háskólasetur Vestfjarða og í tölvupósti á weiss@uw.is. Umsóknarrestur er til og með 14.06.2016.



Sportið í beinni...

fimmtudagur 26. maí

09:00 Golf - European Tour

19:50 Stjarnan - Víkingur Ó.

20:00 Golf - PGA Tour

föstudagur 27. maí

09:00 Golf - European Tour

20:00 Golf - PGA Tour

laugardagur 28. maí

08:55 Formúla 1: Æfing -

11:30 Golf - European Tour

11:50 Formúla 1: Tímataka

13:10 Final Four - Undanúrslit

Meistaradeild Evrópu

13:50 Fylkir - ÍA

13:50 Leiknir R. - Fjarðarb.

15:50 Final Four - Undanúrslit

Meistaradeild Evrópu

15:50 Úrslitaleikur

Enska 1. deildin

17:00 Golf - PGA Tour

19:00 Golf - PGA Tour

20:00 Demantamótaröðin

00:00 Úrslitaleikur

Meistaradeildarinnar

sunnudagur 29. maí

11:30 Golf - European Tour

11:30 Formúla 1: Mónakó

13:05 Final Four - 3. sætið

Meistaradeild Evrópu

Úrslitaleikur B-deildin

Enska B deildin

15:50 Final Four - Úrslitaleikur

Meistaradeild Evrópu

16:50 Þróttur - ÍBV

17:00 Golf - PGA Tour

19:00 Golf - PGA Tour

19:30 KR - Valur

01:00 UFC Fight Night: Al-

meida vs. Garbrandt

mánudagur 30. maí

19:30 Stjarnan - Breiðablik

22:00 Pepsímörk kvenna

22:00 Pepsímörk karla

Dagar Íslands

26. maí 1968:

Hægri umferð gekk í gildi á Íslandi, en ekið hafði verið vinstra megin frá upphafi bílaaldar þar. Áður hafði staðið til að breyta í hægri umferð árið 1940, en því hafði verið frestað vegna hernáms Breta.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Sunnan 8-15 og rigning, sums staðar talsverð vestantil á landinu. Þurrt að kalla um landið norðaustan- og austanvert. Hiti breytist lítið.

Á laugardag:

Minnkandi suðlæg átt, rigning og hiti 7 til 12 stig, en bjartviðri norðaustantil og hiti 14 til 20 stig.

Á sunnudag og mánudag:

Vestlæg átt og dálitlir skúrir, en þurrt á austurhellingi landsins. Hiti 6 til 14 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

Krossgátan

				DUSTA	ÓSKA	ÞURRKA ÚT	SKÓLI		REIÐI- HLJÓÐ	EYÐI- LEGGJA
	LAUT									
	GLUFA							ÓREIÐA		
								SLAGSMÁL		
	LYKT						TÍMABÍLS			
							HÁSETA- KLEFI			
	EGÓ								TVEIR EINS	
	ÁKEFÐ									
	↓	FANGA	MUNDA				YFIRHÖFN			
			ÓÐUR				DIMMT			
ÞAGGA NIÐUR						GRÍN				SÖNGHÚS
						UNDIR- OKUN				
ERINDI					HLAND				AFGANGUR	
					ÁN					
EKKI			PENINGAR						KUSK	
			ILLGRESI						FUGL	
RÖST				SKÍR				KIRNA		
								KRAFTUR		
SAM- STÆÐA				VÍGT BORD						MÆLI- EINING
				ERTING						
		TÓNLIST					BJÁLFI			
		UPPLÝSA					AFHENDIR			
UMFRAM					FUGL				EYÐIMÖRK	
					HLÝJA					
TVEIR EINS			ÞRÁ					FÆÐA	STRIT	
			SKJÖN						UPPISTAÐA	
VIÐ- KVÆMUR						TIL SÖLU				
DUG- LEGUR						ÓNYTJUNG- UR				
FLAN				KVÖLD						

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu



				GELLA	KLEFI	ÁKEFÐ		FÖSTRA	ÁLOXIÐ	STEINN	
				HÆÐAST	S	K	O	P	A	S	T
				ÞUKL	K	Á	F	PREYTA SKRÖLT	L	Ú	I
				VÆTLAR	V	E	S	S	A	R	N
				ÁHRIFA- VALD	Í	T	A	K	UTAN ÖSKI- PU- LAG	Á	N
	↓	FRAM- BURÐUR	ÖÐ	ÁTT AD	S	A	LEIKTÆKI LANGT ÖP	R	Ó	L	A
HRÆJETA	N	Á	Æ	T	A	ÖVILD TUNNA	K	A	L	BLOÐVATN	SANN- FERINGAR
FUGL	O	R	R	I	FLANA ARÐA	Á	L	P	A	S	T
Í RÖÐ	R	S	STÖÐVA AD- RAKSTUR	L	A	M	A	SEGUR TALA	G	E	R
TANGI	N	E	S	RIFA ROF	R	A	U	F	ÖREIDA ÞVENGR	R	Ú
FÍFLAST	A	T	A	S	T	FYRIRTÆKI BOLI	F	I	R	M	A
	B	GAN NIÐUR- LÆGJA	F	L	A	N	VIÐBÓT SKÍNA	M	E	I	R
HÓFDYR	A	S	N	I	SJÚKDOMUR ELDHÚS- ÁHALD	A	S	M	I	MÁ TIL	RÁF
UM- HVERFIS	U	M	TULDUR EFNI	T	A	U	T	STÚLKA VEFUR	M	Æ	R
VARKÁRNI	G	Á	T	ERLENDIS TVEIR EINS	U	T	A	N	DRYKKUR ÁTT	T	E
YNDIS	U	N	A	Ð	S	MEN	F	E	S	T	I
BLÓMI	R	A	U	Ð	A	VIÐ- BURÐUR	A	T	V	I	K

Sudoku þrautir

3	9							4	6
				9	3	7	2		8
	7				6				5
	1	3			2			8	6
2					9	3	1		7
					1	8	4		2
8								2	1
	3				5			7	4
5		4	1	7			9	8	3

6				4				7	
									4
8				2				3	6
	2				8	6			
				5					
		9					6	4	1
2	4	7	1						
		5				3	2		8
	9					2			



Heimir við byssuna.

Skutullinn alltaf í þann 20. maí

Auglýsingasími
bb.is er 456 4560

smáar

Til leigu góð íbúð í parhúsi í Súðavík. Íbúðin er 100 fm, bílskúr 35 fm. 2 svefnherb. Er laus í júní. Engin (ferfætt) gæluðyr. Uppl. í s. 456 2172 og 861 1436.

„Ég set skutulinn alltaf í 20. maí en þá byrjuðu hrefnuveiðarnar í gamla daga,“ segir Heimir Tryggvason, stýrimaður á Páli Pálssyni ÍS. Fyrir framan heimili hans á Hlíðarvegi á Ísafirði setti hann upp fyrir nokkrum árum hrefnubyssu sem faðir hans og áður afi voru með á bátnum Gissuri hvíta, sem var kunnur hrefnuveiðibátur hér við Djúp.

Að sögn Heimis var einnig til síðs hjá hrefnuveiðimönnum að hafa báta sína nýmálaða og fín

þegar vertíðin byrjaði. Blaðamaður getur vottað að Heimir hefur þessa reglu í hávegum og dekkið og stefnið sem Heimir hefur sett upp í garðinum er nýmálað og strokið.

Ferðamenn veita byssunni mikla athygli og taka þeir þúsundir ljósmynda á hverju sumri. „Ég ætti kannski að fara að selja túristunum grillað hrefnukjöt hérna við byssuna, það væri kannski ágæt hugmynd.“

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

OG

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

NIVEA

AAAAhhh

**EINSTAKLEGA KÆLANDI
SÓLARVÖRN**

**NJÓTTU FYRSTU NIVEA
SÓLARVARNARINNAR SEM KÆLIR**

